

Andrúmsloftið í arkitektúr

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 3 |
| Hinn ósýnilegi hluti tilverunnar | 4 |
| Griðarstaður drauma | 7 |
| Skynjun og vitund | 9 |
| Arkitektúr og tilfinningar | 12 |
| Andrúmsloftið í Keops..... | 16 |
| Inn í þig | 23 |
| Lokaorð | 25 |
| Heimildaskrá | 26 |
| Myndaskrá..... | 28 |

Inngangur

„En hvað það er dásamlegt að þversögn skyldi verða á vegi okkar. Nú er von að við fáum einhverju ágengt.“ – Niels Bohr¹

Öldum saman hafa ráðgátur heillað manninn. Við erum öllsömum hungruð af forvitni. Við viljum komast yfir alla þekkingu og allt geta, færa endanlegar sönnur á það sem við teljum vera rétt og uppgötva áður óþekktar staðreyndir. Hið einkennilega og hið ókunna fangar einna helst athygli okkar. Við sækjum í það líkt og býfluga sækir í hunang. En væri lífið jafn dásamlegt ef veggir völundarhússins hryndu, ef þrautinni lyki og við gætum og vissum allt? Ef einn helsti drifkraftur okkar er hið ókunna er erfitt að fullyrða nokkuð um hver áhrif alvissu á mannkynið yrðu því við lifum í ákveðinni þversögn. Allt viljum við vita en innst inni viljum við það þó ekki. Þetta er í raun barátta meðvitundarinnar og undirmeðvitundarinnar. Veröldin hefur að geyma fjölmörg undur sem við fáum ekki séð með berum augum en með hjálp hugans og líkamans höfum við þróað tilfinningu fyrir ýmsum fyrirbærum sem eru enn þann dag í dag óútskýrð. Við tökumst á við upplifanir á marga vegu, en stundum framkalla sömu hlutirnir svipaðar tilfinningar hjá mismunandi fólki, það er einhver þráður sem kallar fram viss viðbrögð. Með því að kynna okkur þessa þætti betur, getum við látið frá okkur merkari verk fyrir vikið, verk sem hreyfa við okkar innri manni, verk sem tala til okkar og verk sem veita okkur betri líðan. Með aðstoð hugans verður farið í ferð þar sem ímyndunarafl lesandans kemur við sögu og verða eiginleikar skoðaðir sem ekki eru fyrir ásjónu mannsins, á bæði heimspekilegum og arkitónískum forsendum.

¹ What the Bleep Do We Know?! Official UK site, <http://www.thebleep.co.uk/quotes.php> 28. janúar 2008. Þýðing höfundar.

Hinn ósýnilegi hluti tilverunnar

„Rými: Hin stöðuga eining; hin ósýnilega uppspretta og endastöð allra hrynjanda. Utan tíma og rúms.“ – Frank Lloyd Wright²

Rúmfræði snýst um reglur lína, yfirborð og þrívíðar einingar í rými. Hún aðstoðar okkur við að skilja hvernig meðhöndla á það í arkitektúr. Í raun eru tvær grundvallar aðferðir til sköpunar í rými. Annars vegar er um að ræða lokaðan arkitektúr sem myndar rými innra með sér og hins vegar opinn arkitektúr þar sem rýmið tengir sig eilífðinni í óendanlegu rúmi.³ En spurningin sem vaknar án efa upp í hugum okkar er: „hvað er *rými*?“. Peter Zumthor er starfandi arkitekt sem vinnur töluvert með snertanlega eiginleika í byggingum og skynþætti okkar. Hann er duglegur að spyrja sig þessarar spurningar þegar tími gefst. Vangaveltur eru hins vegar fyrst og fremst góð hugarleikfimi því þetta er svo sannarlega ekki spurning sem verður svarað á einfaldan hátt og mjög líklega ekki í okkar tíð.

Ég held því ekki fram að ég viti hvað rými sé. Því lengur sem ég velti því fyrir mér, þeim mun dularfullra verður það. Eitt er ég hins vegar viss um: þegar við, sem arkitektar, fáumst við rými, á aðeins agnarsmár partur eilífðarinnar sem umlykur jörðina hlutdeild en samt auðkennir hver og ein bygging einstakan stað í þessari eilífð. – Peter Zumthor⁴

Ekki verður gerð nokkur tilraun til þess að gera þessu fyrirbæri endanleg skil, heldur verður einblínt á þau mismunandi tilfinningalegu áhrif sem hvert rými um sig getur haft á manninn. Vissulega mælir ekkert gegn því að hugsa um rýmið og velta fyrir sér eiginleikum þess þótt niðurstöðurnar verði ekki ápreifanlegar. En hvar skal byrja? Það er góð regla að hefja alla leikfimi á upphitun til þess að koma blóðflæðinu af stað. Hið sama gildir um hugarleikfimina og þegar um svona stórt hugtak eins og rými er að ræða getur

² All-Wright Site – Frank Lloyd Wright Quotations, <http://www.geocities.com/SoHo/1469/flwquote.html> 4. febrúar 2008. Þýðing höfundar.

³ Peter Zumthor: *Thinking Architecture*. Birkhäuser – Publishers for Architecture, 2006, bls. 22.

⁴ Peter Zumthor: *Thinking Architecture*, bls. 22.

verið ágætt að hefja átökin í orðabókinni, virkja þar með hugmyndaflæðið og sjá hvernig mönnum hefur tekist til með skilgreininguna á orðinu:

„**rými, -s, -h** 1 rúm, pláss; alg. Í samsetn.: farr., húsr.

2 hólf frælegs eða egglegs.“⁵

Eins og sjá má vísar þetta okkur einungis á önnur orð. Skilgreiningarliðirnir fyrir *rúm* eru alls 7 en aðeins verður einblínt á fyrstu 2 þar sem framhaldið lýsir hugtökum sem ekki eiga við í þessari skoðun.

„**rúm, -s, -h** 1 svæði, pláss, rými: *ryðja sér til r-s breiðast út*, komast á; # *e-m liggur e-ð í léttu (litlu) r-i e-m stendur (svo til)* á sama um e-ð.

2 sá hluti tilverunnar sem menn skynja að hægt er að hreyfast í (á alla vegu); ∞ mengi allra þeirra staða eða punkta sem hægt er að hugsa sér.“⁶

Því fer fjarri að öll kurl séu komin til grafar en þessi grundvallarvinkill sem orðabókin vinnur út frá er góður. Skilgreiningin skilur gríðarmikið eftir í lausu lofti en við því er að búast. Geta okkar til þess að tala um rými er oftast háð því að eitthvað sé innan þess eða utan um það. Við getum ekki skilið rými en við getum skynjað rými með því að hugsa um þann hluta tilverunnar sem menn geta hreyft sig í. Sjálfsagt má deila um hvort það sé hægt að gera kröfu um hreyfanleika í allar áttir í rými til þess að uppfylla skilgreiningu orðsins, en það er annað viðfangsefni út fyrir sig. Þetta er ósýnilegt fyrirbæri sem getur auðveldlega valdið heilabrotum þegar menn sökkva sér í frumskóg ráðgátna þess. En svo við köfum í heimspekina - er rými til eða er það einhvers konar andleg uppbygging eða tilbúinn hlutur fyrir getu okkar til þess að skynja, skilja og hugsa? Er það raunverulegt eða eingöngu venslaður þáttur í hugum okkar? Einhverjum þykir sjálfsagt kaldhæðnislegt að það sem arkitektinn fæst fyrst og fremst við sé hugsanlega ekki til. Hvenær er þó nokkuð til? Oft miðast tilvist hluta við skynjun okkar á þeim á einn eða annan hátt. Í langflestum tilfellum viðurkennum við þó tilvist þeirra með því að greina þá í augnsýn.

⁵ Árni Böðvarsson: *Íslensk orðabók*. Mál og Menning, 2000, bls. 791

⁶ Árni Böðvarsson: *Íslensk orðabók*, bls. 787

En hvaða hlutverki gegnir rýmið? Maðurinn fjallar stundum um það eftir notagildi þess og er það ágæt einföldun til þess fallin að skipuleggja hugsanir hans. Rýmið sem hann ver mestum tíma í og þekkir best, er heimilið.

Griðarstaður drauma

„Að dreyma hvað sem þig langar að dreyma; það er fegurð mannshugans. Að gera hvað sem þig langar til; það er styrkur mannsviljans. Að treysta sjálfum þér til þess að láta reyna á takmörk þín; það er hugrekkið til þess að slá í gegn.“ - Bernard Edmonds⁷

Heimili hvers og eins er griðarstaður viðkomandi í veröldinni. Það er hinn fyrsti alheimur mannsins⁸, fjölbreyttur og víðtækur í orðsins fyllstu merkingu. Þegar aðstæður eru skoðaðar ítarlega, niður í minnstu smáatriði, má finna fegurð í hinu naumhyggnasta umhverfi okkar. Sama hvernig herbergi er og sama hvaða einstaklingur hefur afnot af því; ríkur eða fátækur, þá er hægt að finna samhljóm sem liggur í frumstæðni þeirri sem tilheyrir öllum jarðarbúum. Um leið og maðurinn hefur fundið sér skjól til að búa í þá byrjar að myndast sú tilfinning að hann eigi sér griðarstað og fastan punkt í tilverunni, eitthvað sem gerir rýmið að hluta af honum. Hann upplifir veruleika rýmisins í gegnum hugsanir sínar og drauma. Er okkur dreymir, skarast hinir ýmsu íverustaðir í lífum okkar ásamt öllum þeim gildum sem fylgdu þeim í fortíðinni. Þegar við komum í nýtt hús, í nýtt rými, þegar minningar annarra staða koma fram í hugsunum okkar, ferðumst við inn í kyrrstæðan heim æskunnar, kyrrstæðan líkt og allir ódauðlegir hlutir eru.⁹ Þráin eftir hamingju er lífsblóð okkar allra.

Einn helsti kosturinn við eðli hússins er sá að það veitir mönnum skjól til þess að dreyma í friði og ró.¹⁰ Ímyndunaraflið er við stjórnvöllinn og nýtur stuðnings rýmisins sem umlykur það. Hugsanir og reynsla eru ekki það eina sem staðfestir gildismat okkar heldur skilja gildin, sem felast í því að dagdreyma, eftir ummerki á mannkyninu í sinni dýpstu mynd. Að láta sig dreyma hrindir af stað keðjuverkun eða með öðrum orðum myndar það grundvöll fyrir frekari dagdrauma. Ánægjuleg hugsun hrindir af stað fleiri ánægjulegum hugsunum og þannig koll af kalli. Húsin sem við höfum látið okkur dagdreyma í fæðast aftur í nýjum dagdraumi og þar sem við heimsækjum reglulega fyrrverandi íverustaði okkar í huganum varðveitast þeir þar á meðan við göngum eftir

⁷ Newswire / Press release – news and press release distribution network, <http://www.newswiretoday.com/news/3675/> 2. febrúar 2008. Þýðing höfundar.

⁸ Gaston Bachelard: *The Poetics of Space*. Maria Jolas þýddi. Beacon Press, 1994, bls 4.

⁹ Gaston Bachelard: *The Poetics of Space*, bls. 5-6.

¹⁰ Gaston Bachelard: *The Poetics of Space*, bls. 6.

Þessari jörð. Löngu liðnir atburðir kallast á úr hverju skoti hússins og óma móti manni er maður gengur inn í það og smjúga inn í merg og bein. Líkt og rúnum rist andlit gamalmennis sem lifað hefur tímana tvenna hefur húsið ekki farið varhluta af því sem gerst hefur innan veggja þess. Herbergi eru eins og ásjónur fólks og ber andi þeirra með sér þá atburði sem átt hafa sér stað frá reisu hússins. Sé um margvísleg húsakynni að ræða, með kjallara, hæðum, svölum, háalofti og skotum gerir það huganum einfaldara að rifja upp minningar úr fortíð sem tengjast á beinan hátt arkitektúr og virkni hans. Arkitektúr hefur sína eigin vídd. Hann er geymir fyrir tilvist okkar, samskipti, hreyfingu og þögn svefnsins.

Skynjun og vitund

„Maðurinn lærir ekkert án þess að fara frá hinu þekkta til hins óþekkta.“ – Claude Bernard¹¹

Að upplifa umhverfið er reynsla sem hefur áhrif á allan líkamann. Það setur honum slík skilyrði að hann verður tjáning eða endurspeglun þess. Við lifum í líkamanum en líkaminn lifir í umhverfinu og má þar af leiðandi líta á hann sem þátttakanda eða þegn þess.¹² Merleau-Ponty lýsir þessu sem „gagnverkandi innsetningu og samtvinnun“ hins lifandi líkama og umhverfisins, þar sem „takmörk eins tapast í hinu“.¹³ Til þess að gefa hugtakinu „umhverfi“ persónulegri, nákvæmari og áþreifanlegri skil ákvað hins vegar japanski hugsuðurinn Tetsuro Watsuji að skipta orðinu út fyrir „loftslag“.¹⁴ Við göngum jafnmikið í gegnum umhverfið og það gengur í gegnum okkur. Hvort tveggja eru áhrifavaldar hvors annars en þarna ríkir viðkvæmt jafnvægi þar sem maðurinn er í heldur veikari stöðu. Umhverfið þarfnast mannsins einungis til hagsbóta fyrir manninn en maðurinn þarfnast umhverfisins til þess að eiga sér stað í veröldinni. Þetta snýst því endanlega um okkur. Er við berjumst gegn stórtækilegum breytingum í náttúrunni þá erum við með okkar eigin hagsmuni í huga. Ef gróðurhúsaáhrif gjörbreyta hitastigi á jörðinni þá gætu þau haft tortímandi áhrif á mannkynið. Jörðin sem slík jafnar sig þó því hún er 6 milljarða ára gamall reynslubolti sem staðist hefur tímans tönn og þolað allt frá ísöldum til varanlegra loftslagsbreytinga. En það er margt sem leynist í hinum dularfulla heim sem við búum í. Þótt breytingarnar milli rýma og staða séu ekki jafn róttækar og hið stóra skref yfir í ísöld þá erum við sífellt að stíga inn í ný umhverfi sem hreyfa við öllum þeim mælitækjum sem líkaminn hefur upp á að bjóða en þau eru töluvert fleiri en margur gerir sér grein fyrir. Efni, rými og skali eru þættir sem augað, eyrað, nefið, húðin, tungan,

¹¹ The Axelrod Group homepage, <http://www.zilltech.com/FAQQuotesLearn.html> 5. febrúar 2008. Þýðing höfundar.

¹² Kazi Khaleed Ashraf: „Taking Place – Landscape in the Architecture of Louis Kahn.“ *Journal of Architectural Education*. No. 2, vol. 61., 2007, bls. 48-52

¹³ Shaun Gallagher: „Lived Body and Environment.“ *Research in Phenomenology*. No. 1, vol. 16., 1986, [blaðsíðutal vantar].

¹⁴ Tetsuro Watsuji: *Climate: A Philosophical Study*. Geoffrey Brownas þýddi. New York: Greenwood Press, 1988. bls. 37.

beinagrindin og vöðvarnir taka allt ríkan þátt í að vege og meta.¹⁵ Anna Barabara er starfandi arkitekt og prófessor hjá Polytechnic háskólanum í Mílanó. Ásamt grafískum hönnuði, Anthony Perliss, er starfar fyrir franskan ilmvatnsframleiðanda, skrifaði hún bók sem nefnist *Invisible architecture: Experiencing Places through the sense of smell*. Hún varpar fram spurningum til lesandans: Hversu meðvitað erum við um lyktirnar sem berast um andrúmsloftið? Gerum við okkur grein fyrir því að hver staður hefur lyktarkennimark? Jafnvel í arkitektúr fornaldar áttu hönnuðir til að innleiða lykt í verk sín. Nú þegar við erum komin inn í 21. öldina er sagan allt önnur. Settar hafa verið reglugerðir og krafa um dauðhreinsað hlutlaust loft innandyrna í byggingum nútímans. Bókin staðsetur alla helstu ilmi og öðruvísi loftslag í arkitektúr sem finna má víðsvegar um heiminn. Þar má nefna til dæmis trjákvöðuilm tímursins í skálanum hans Peter Zumthor á alþjóðlegri sýningu í Hannover og formtúlkun vindganganna hans Renzo Piano fyrir Ferrari í Maranello.¹⁶

Heimili okkar færa okkur bæði merkingu og sögu, tengjast okkur á tilfinningalegan hátt og verður úr einskonar upplifun sem fylgir okkur alla tíð. Við höfum gefið okkur tíma til þess að skoða hvert horn, rannsaka áferð veggjanna og staðsetningu hlutanna. Skynfæri okkar eiga í sífelldum samskiptum við heilann og sér hann um að vista lykt, bragð, snertingu og hvað svo sem við skynjum sem minningu. Minni er ekki auðvelt að útskýra en þegar við verðum fyrir sterkum lífsreynslum varðveitir hugurinn okkar þær í langa tíð. Maðurinn er þó flókin hönnun og verður því forðast að alhæfa eitt né neitt því hugurinn getur á sama hátt bælt niður minningu djúpt í undir meðvitundina. Slíkt er ekki óalgengt þegar fólk verður fyrir áfalli eða upplifir skelfilega hluti. Heilinn vinnur að því að okkur líði vel og þegar minning setur af stað keðjuverkandi óþægindi um allan líkamann hindrar hann að slík minning sé veidd auðveldlega upp úr hinu djúpa hafi liðinna atburða. Það er grundvallarmunur á því hvernig við vinnum úr upplýsingum sem heilinn okkar felur innra með sér. Maðurinn er þó einstaklega vanaföst lífvera. Við sækjum bæði meðvitað og ómeðvitað í hluti sem við þekkjum því við vitum hvernig skal með þá fara. Við lærum nýja hluti og tileinkum okkur þá á afskaplega skjótan hátt. Á byrjunarreit sjáum við stundum ekki fyrir endann en það virðist ekki angra okkur

¹⁵ Juhani Pallasmaa: „Hapticity and Time – discussion of haptic, sensuous architecture“. *The Architectural Review*. No. 1239, vol. 207., 2000, bls. 78-84.

¹⁶ Anna Barbara og Anthony Perliss: *Invisible Architecture – Experiencing places through the sense of smell*. Skira. 2006, bls. 67-90.

nægilega mikið til þess að við gefumst upp. Lesandinn skal ímynda sér að hann keyri bíl eftir vegi í þoku að næturlagi. Aðeins er hægt að sjá örfáa metra fram á veginn. Framljósin lýsa upp þessa litlu vegalengd sem við fáum séð en leiðin er keyrð í pörtum. Þegar við höfum keyrt 5 metra þá blasa við okkur næstu 5 metrar og þannig koll af kolli. Við treystum því að vegurinn fari með okkur alla leið á áfangastað okkar. Við þurfum ekki að sjá allan stigann, líkt og Martin Luther King sagði,¹⁷ við þurfum einungis að taka fyrsta skrefið. Ef við höldum okkur hins vegar við bílinn, þá er það einnig svo, að þegar við lærum fyrst að keyra, þá hefst baráttan við að finna tengipunktinn á kúplingunni er við þrýstum með fætinum á bensínjöfina. Heilinn hefur nóg fyrir stafni því athyglinni þarf að beina að alls kyns aðgerðum jafnt innan dyra sem og öllu því sem á sér stað utandyra. Við fyrstu sýn virkar þessi leikfimi sem óyfirstíganlegur þröskuldur en þegar við höfum náð nokkuð góðum tókum á því sem þetta ferli gengur út á byrjum við smátt og smátt að hætta að hugsa um það sem við erum að gera. Athyglin beinist, óskertari, að hinu óútreiknanlega, þ.e. umhverfinu í kringum okkur. Dæmisagan segir okkur að þegar við upplifum eitthvað nógu oft þá síar meðvitundin það út á sinn hátt. Við vitum jú hvað við erum að gera en mörk blinda svæðisins þrengjast nær því sem við hleypum að athygli okkar. Það er undirmeðvitundin sem er við stjórn í þessum þáttum á meðan meðvitundin er vakandi fyrir hinu óvænta. Ennfremur má ætla að séum við búin að leggja eitthvað á minnið eða læra eitthvað vegna sífelldrar endurtekningar þarf það ekki að valda neinni svörun innra með okkur en sé minningin ánægjuleg getur það orðið til þess að líkaminn bregðist við á sterkan hátt er við köllum hana fram.

¹⁷ Inti's realm, <http://www.irealm.org/quotes/disppquote.php?page=k> 25. janúar 2008. Þýðing höfundar.

Arkitektúr og tilfinningar

„Það fallegasta sem við getum upplifað er hið dularfulla. Það er uppspretta allra sanna lista og vísinda.“ - Albert Einstein¹⁸

Þegar arkitekt skoðar hús og dæmir það í allri sinni dýrð rannsakar hann mun meira en útlitið. Hinir ýmsu þættir, svo sem planið, sneiðingar, hæðir, deili, áferðir, efnisnotkun og staðsetning, þurfa að þjóna hver öðrum. Alla list er erfitt að skilgreina og er arkitektúrinn engin undantekning. Hann er sú listgrein sem fer inn á öll möguleg svið sem hugsanlega er hægt að vinna úr. Að honum hefur verið vel staðið þegar safn af þáttum og eiginleikum vinna saman, eru háðir hverjir öðrum og mynda eina heild.¹⁹ Hornsteinarnir eru því margir og ekki er svo auðvelt að skipta einum út fyrir annan. Það sem aðgreinir arkitektúr frá öðrum listgreinum er praktíski þátturinn því hann glímir við vandamál í daglegri umgengni mannsins og reynir að leysa þau á sem farsælastan hátt til þess að bæta lífsskilyrði okkar. Hann er meira en einungis tjáningarform því hann hlustar á óskir og þarfir fólks og vinnur úr þeim svo úr verði rými með tilgang. Hvernig sem útkoman er þá er viss þraut að hanna byggingu sem mun standast tímans tönn. Arkitektinn þarf að hafa í huga fólkið sem mun nota bygginguna og reyna að gera sér grein fyrir bæði hinu útreiknanlega og hinu ófyrirsjáanlega í eðli mannlegs umgangs og samskipta við umhverfið.²⁰ Hönnuðurinn sem hefur áhuga á faginu sjálfu getur notið þess að skoða rými við hvaða aðstæður sem er en meðalmaðurinn sem þekkir hvorki haus né sporð á hinum ýmsu þáttum þessarar listar á líklegast erfiðara með að setja sig inn í hversdagsleg rými og hús, hverju öðru líkara sem gjörsamlega tröllríða borginni okkar, Reykjavík. Steen Eiler Rasmussen fer með okkur í gegnum ferli þess hvernig skilja megi arkitektúr og upplifa hann á meðvitaðan og gagnrýninn hátt í bók sinni *Experiencing Architecture*. Einn áhugaverður kafli greinir frá því hvernig við heyrum arkitektúr. Það hvarflar ekki að sumum að hægt er að heyra í byggingum en þetta snýst allt um endurkast. Við sjáum ekki byggingar, við sjáum ljósið sem þær endurkasta af sér. Hið sama gildir um hljóðið en það berst eftir rými og lögum arkitektúrsins. Í sama kafla lýsir hann því hvers vegna við tölum

¹⁸ Epic of Evolution, <http://www.epicofevolution.com/quotes.html> 30. janúar 2008. Þýðing höfundar.

¹⁹ Steen Eiler Rasmussen. *Experiencing Architecture*. The MIT Press. 2001, bls 12-14

²⁰ Steen Eiler Rasmussen. *Experiencing Architecture*, bls 14

um herbergi sem kalt og háttfast, að það sé sjaldan vegna hitastigsins. Þvert á móti tekur hann dæmi um að andúð okkar gagnvart formum, efnum og litavali herbergisins geti kveikt tilfinningu í okkur sem veldur því að við lýsum því á þennan neikvæða hátt.²¹ Þetta er reynsla sem flestir ættu að kannast við. Í fyrri hluta bókarinnar má þó finna staðhæfingu sem segir byggingarlistina ófæra um að tjá náin og persónuleg skilaboð frá einni manneskju til annarrar og ennfremur að hana skorti tilfinningalega skynjun.²² Margar byggingar leiðum við hjá okkur og sérstaklega héraendis þar sem við erum ung þjóð, þarfagreining okkar er enn takmörkuð við praktík og oft reynt að halda verði byggingarinnar í lágmarki. En það réttlætir ekki það sem þarna var haldið fram. Hvers vegna er arkitektúrnum lýst sem hinni köldu list sem hrærir okkur ekki líkt og tónlistin, myndlistin, kvikmyndalistin og aðrar sjónlistir almennt? Við höfum alla burði til að ógilda þessa staðhæfingu en vandamálið er hýst innra með okkur því ábyrgðin liggur hjá þeim sem skapa húsin, okkur arkitektunum.

Í tíma og rúmi á sér hver og einn upplifun. Án hugsunar er hún engin því það er heilinn sem skilar henni til okkar, um allan líkamann. Upplifun getur annars vegar verið veik og hins vegar sterk. Erfitt er að þreifa á þessu hugtaki en það gegnir hlutverki mælikvarða sem fer eftir andrúmsloftinu sem umlykur okkur hverju sinni. Til þess að skapa sterka upplifun þurfa utanaðkomandi áhrif að valda því að eitthvað gerist innra með okkur. Skynfærin vinna í nánu samstarfi við heilann, hann vinnur úr upplýsingum sem honum berast og í sumum tilfellum bregst maðurinn við bæði á tilfinningalegan og jafnframt líkamlegan hátt. Viðbrögðin geta verið alla vega, svo sem sviti, gæsaþrá, hrollur, verkur eða til dæmis framleiðsla dópamíns svo við finnum fyrir vellíðan um allan líkamann. Þegar haldið er út fyrir bæjarmörkin og tengsl við alla siðmenningu hverfa undir stjörnuþjórtum himni, í ótaminni náttúru í allri sinni dýrð, þá á sér stað eitthvað sérstakt. Er við herjum á ótroðnar slóðir sem líkjast engu sem við höfum áður séð og sleppum úr viðjum hversdagsleikans fagnar tilvist okkar þeirri sjaldgæfu sýn sem við innleiðum í minningarsjóðinn. Því mun manneskja sem búið hefur í stórborg allt sitt líf og aldrei séð hafið fyrr, en fær svo hið gullna tækifæri til þess, líklega sýna afar sterk viðbrögð við þeirri sýn. Sama er að segja um þann sem búið hefur í sveit við ströndina og

²¹ Steen Eiler Rasmussen. *Experiencing Architecture*, bls 224

²² Steen Eiler Rasmussen. *Experiencing Architecture*, bls 14

kynnist skýjakljúfum í fyrsta skipti. Viðbrögðin væru sjálfsagt ekki ólík en það sem kallar þau fram byggist á sama grundvellingnum. Það sem við búum ekki við dagsdaglega virðist kitla huga okkar og forvitni. Um leið og við sjáum eitthvað óvenjulegt sem við ekki könnumst við er líkt og við stígum öðrum fæti inn í annan heim. Ekkert annað kemst að heldur en það sem stendur frammi fyrir okkur. Þegar við fáum tækifæri til þess að horfast í augu við það er það sem ævintýri líkast. Því lengra sem umhverfið í kringum okkur færir frá hinu kunnuglega, því sterkari verða áhrifin. Þar af leiðandi, þegar við stígum inn í rými sem eru keimlík þeim sem við höfum áður kynnst, upplifum við hversdagsleika eða hið kunnuglega sem reynir lítið á heilann. Þótt maðurinn sé vanaföst vera þá þráir hann tilbreytingu við og við, í þessu lífi endurtekninga. Með öðrum orðum þá viljum við öll að sá takmarkaði tími sem við eyðum hér á jörðinni hafi upp á ævintýri að bjóða. Einfalt er að sniðganga fjöldaframleiddan arkitektúr. Spurningin vaknar hins vegar hvort hægt sé að tengja sig rými án þess að dvelja í því til lengri tíma; hvort hægt sé að stíga fæti inn í rými í stuttan tíma og rista það í minnið um alla tíð. Þegar aðstæður eru réttar örvast skynfærin og fanga má athyglina svo að úr verði einbeittur áhugi á því sem blasir við okkur. En er hægt að skapa andrúmsloft í nýju rými sem býður upp á það sem okkar fyrsta heimili gerir; að við ferðumst til þess í draumum okkar jafnt að degi sem og nóttu til? Andrúmsloft rýmisins ákvarðar á hversu sterkan hátt við upplifum það. Hið snertanlega sem og hið ósnertanlega á hvort tveggja ríkan þátt í þessari fæðu fyrir huga okkar.

Andrúmsloft



mynd 1

Þegar undirritaður þreytti nám við Myndlistaskólann í Reykjavík á árunum 2003 til 2004 voru mörg athyglisverð verkefni sem nemendur voru beðnir um að vinna. Eitt þeirra fólst í því að búa til liti sem lýstu tilfinningum sem gefnar voru í upphafi námskeiðs. Þær voru hins vegar ekki dæmigerðar líkt og ást eða græðgi sem eiga sér nú þegar stað í litrófinu. Eftirsjá var ein tilfinningana en um heimaverkefni var að ræða sem kom í veg fyrir að nemendur hefðu áhrif hver á annan. Okkur til mikillar furðu hafði helmingur nemenda búið til sama litinn sem var margþætt og flókin litablanda. Við búum yfir hæfileikum til þess að koma frá okkur tilfinningum í hvers kyns sköpun sem til er. Ef við notum þennan kraft sem í okkur býr og einbeitum okkur getum við miðlað tilfinningum úr eigin líkögum yfir í eitthvert form og mynd sem leiðir til þess að aðrir skynji þær og taki opnum örmum. Spannandi aðstæður má skapa til þess að hreyfa við öllum skynfærunum, virkja heilann og valda hughrifum meðal fólks. Þegar arkitekt tekur að sér það verkefni að hanna í eða hanna utan um rými og gerir kröfu til sjálfs síns um að hafa innsýn í hina tilfinningalegu veröld sem umlykur rýmið getur hann skapað verk sem kallar á fólk í stað þess að hvísla svo aðeins þeir með fagþekkinguna heyri. Arkitektúr er engu síður miðill tilfinninga heldur en aðrar listgreinar.

Andrúmsloftið í Keops

„Þegar Móses var á lífi voru þessir pýramídar þúsund ára gamlir. Hér hófst saga arkitektúrsins. Hér lærði fólk að mæla tíma með dagatali, að kortleggja stjörnurnar með stjörnufræði og jörðina með rúmfræði. Hér þróuðu þeir hina stórkostlegu hugmynd fyrir og síðar – hugmyndina um eilífð.“ – Walter Cronkite²³

Ein bestu dæmin um byggingar sem gera meira en að þjóna praktísku hlutverki fyrir daglegt líf okkar, heldur gera líkamann móttækilegan fyrir alls kyns upplýsingum og vekja þar af leiðandi eitthvað innra með okkur upp úr djúpum svefni, má stundum finna á ólíklegustu stöðum. Form húsa getur verið alla vega en það er þó eitt stærðfræðilegt form sem hefur ætíð vakið athygli um allan heim. Sé lína sem gengur út frá hvirfilpunkti, hreyfð eftir ummáli marghyrnings, fæðist þetta form og hlýtur það nafnið *pýramídi*. Hann er svo nefndur eftir fjölda hliða sem undirstaða hans hefur. Löngum hefur verið talið að formið gefi frá sér orku sem hefur ýmis áhrif á fólk. Sagan segir að einbeitingin verði skarpari, kynferðislegar langanir aukist, streita minnki og sjúklingar nái sér fyrir, svo eitthvað sé nefnt.²⁴ Þetta verður ekki selt dýrara en það er keypt hér í þessu riti. Dulúðin sem sum þessara mannvirkja búa yfir er þó svo mikil að okkur hefur ekki tekist að skilja þau til fulls, enn þann dag í dag.

²³ ThinkExist Quotations, <http://thinkexist.com/quotes/with/keyword/pyramid/> 25. janúar 2008. Þýðing höfundar.

²⁴ Temple of Peace, <http://www.templeofpeace.net/Pyramid.php> 10. janúar 2008.

Eitt sjö undra veraldar er pýramídinn Keops en hann er staðsettur í Giza í Egyptalandi og er sá stærsti í heiminum.²⁵ Leynardómarnir sem umlykja hann hafa hrannast upp. Jafnt er deilt um grundvallarhluti svo sem aldur hans og hvernig hann var byggður sem og



mynd 2



mynd 3

tilgang hans.²⁶ Vísindaleg þekking Egypta á þessum tíma gerir þeim hreinlega ókleift að hafa búið þetta mannvirki til. Ekki einungis vegna þyngdar byggingarefnisins, þar sem allt upp í 80 tonna steinum var komið upp í rúmlega hundrað metra hæð. Slíkrar nákvæmni var gætt í hverju einasta smáatriði við hönnun og byggingu pýramíðans að ekki má koma nöggl milli steinanna sem vandlega er hlaðið hverjum upp á annan. Keops samanstendur af 2.4 milljónum steina, þekur hátt upp í 53 þúsund fermetra, tekur í kringum 2,6 milljónir rúmmetra og vegur í heildina 6.5 milljón tonn.²⁷ Hins vegar

er þó margt annað við pýramíðann sem heillar manninn heldur en ómögulegheitin sem þetta afrek ber með sér. Aðkoman er rafmögnuð, svo ekki sé meira sagt. Við þeim sem sækja hann heim blasir bygging sem eitt sinn var sú alhæsta í heiminum en teygir sig upp í ríflega 138 metra í dag. Upphaflega voru pýramíðarnir þrír þaktir hvítum kalksteini sem

²⁵ Rolf Forsberg. *The Seven wonders of the ancient world*. Questar. 2000.

²⁶ Christopher Mann. *Great Pyramid: Gateway to the stars*. BBC. 1995.

²⁷ Viðtal höfundar við Örn Jóhannsson, 2. janúar 2008.

gerði ásjónina draumkennda.²⁸ Með tímanum hefur hann hins vegar smám saman tapast vegna þess að fólk getur ekki látið byggingarnar í friði eins mynd 2 sýnir gaumgæfilega af Kefren pýramídanum. Grunnurinn hefur engu að síður haldist sá sami í þúsundir ára. Það er ekki fyrir hvern sem er að kynnast byggingunni mikið meira en í ásýnd, því það að leggja leið sína inn hefur í för með sér takmarkaða hreyfingu og íþyngjandi loft í dimmum, fornum gönguleiðum. Í viðtali við Örn Jóhannsson, sem rannsakað hefur pýramídan jafnt að utan sem og að innan, lýsir hann reynslunni er hann steig fyrst fæti inn í bygginguna.




mynd 4


Við innkomu hefst gangan niður á við. Skömmu síðar er gengið upp brött göng sem eru ekki mikið meira en 1.2 metrar á breidd en eru á hinn bóginn 39 metrar á lengd. Þetta er því ein versta martröð þeirra sem þjást af innlokunarkennd. Hlaðnir steinar pýramíðans sjást beggja megin, en snerting við þá gefur manni smá skynbragð af þeirri gríðarlegu sögu sem staðurinn geymir og aukinn skilning á því verkfræðilega afreki sem þessi bygging er. Ekki eru sérstaklega góð birtuskilyrði, enda engin dagsbirta sem lýsir upp þessi göng heldur hefur ljósum verið komið fyrir með reglulegu millibili út í gegnum göngin. Dramatíkin sem fylgir þessari leið verður aðeins minni vegna þessa fyrirkomulags, en ljósin eru þó visst öryggisatriði sem flestir kysu fram yfir kyndla, þrátt fyrir að það bitni á upplifuninni.

²⁸ Britannica Online Encyclopedia – Pyramids of Giza, <http://search.eb.com/eb/article-9036944> 6. janúar 2008.

Á fertugasta metranum liggur leið inn í hýsi drottningar Keops, eða svo er sagt. Það má síðan deila um hvort pýramíðinn hafi verið byggður sem grafhýsi konungs og drottningar hans. Í þessum kafla er þó talað um rýmin út frá gefnum nöfnum.²⁹ Leiðin að hýsi drottningarinnar var töluvert þrengri en aðrar leiðir. Breiddin var 1.55 metrar og hæðin hin sama. Að ganga þessa 35 metra leið er því ekki sérstaklega þægileg reynsla en spurningin er hvort þetta hafi verið ætlað aðeins einum einstakling og hvort hæð þessa einstaklings hafi ákvarðað hæð og breidd gangsins.




mynd 5



mynd 6

²⁹ Tour Egypt : Secret Chambers of the Great Pyramid of Khufu in Egypt, <http://www.touregypt.net/featurestories/pyramidchambers.htm> 6. janúar 2008.


Þegar inn í rýmið er komið er hægt að standa uppréttur því hæðin teygir sig upp í 6.13 metra fyrir miðju og breiddin rúmlega 5 metrar (sjá mynd 6). Það sem er athyglisvert er hversu tómt þetta rými er. Það er einstaklega einmanalegt en þó er hægt að skynja að þarna gerðist eitthvað fyrir langa löngu síðan því útlit og áferð veggjanna virðast hafa sögu að segja. Þeir hafa komist í snertingu við margt. Einangrað hljóðið sem bergmálar í þessu herbergi hvíslar að okkur leyndarmálum sem við ekki skiljum. Sé snúið við aftur að upphafi ganganna að hýsi drottningarinnar má finna aðra leið upp á við. Við tekur stórt rými sem er í 45 gráðu halla.



mynd 7

Á þessu svæði örvast skynfærin öll og upplifunin verður ekki ólík því að gengið sé um í vatni, slík eru þyngslin sem hellast yfir gestkomandi á þessum stað. Við komu í þetta herbergi sem er 9 metrar á hæð, 47 metrar á lengd en aðeins 3 metrar á breidd byrja augun ósjálfrátt að skima eftir einhvers konar merkjum sem gefa manni betri tilfinningu fyrir þeim sem byggðu og/eða notuðu þetta rými. Þau hafa vanist birtuskilyrðinum en heilinn kallar á svör. Forvitnin er í hármarki. Lyktin, sem áður var íþyngjandi, gleymist. Þegar menn hafa dvalið í pýramídanum, þó ekki sé nema í stuttan tíma, hverfa þau atriði smám saman sem angruðu menn í upphafi. Upplifunin er magnþrungin og meðvitundin beinist að umhverfinu í kring. Það er eins og þetta byrgi sé það eina sem standi eftir í veröldinni því það er ekkert utan þess sem reikar inn í hugann. Jafnvægisskynið ruglast hjá einhverjum en ekki er hægt að stoppa of lengi og heldur því ferðin áfram. Hvers vegna eru þessir hallar í þessum fullkomnu mannvirkjum? Það er athyglisvert að velta því

fyrir sér hvernig rýmin eru tilkomin og hver sé ástæðan fyrir þeirri lágu prósentu rýmisins gagnvart heildarmassa pýramídans. Fullkonnunaráráttu gætir um gjörvalla bygginguna en rýmin eru með allt öðru sniði en því sem við höfum vanist en ástæðuna fyrir lögun þeirra vitum við ekki. Eftir tugi metra í bröttu rými er loks hægt að standa á láréttri grund. Þvínæst er komið í hýsi konungsins, Keops. Hinir geypilegu steinar loftsins vega sumir upp í 9 tonn. Staðið er þarna 95 metrum fyrir neðan topp pýramídans. Í þessum sal er örlítið meira að finna heldur en í þeim tómu rýmum sem slóðin hefur legið að hingað til. Steinkista Keops liggur á gólfinu, að því er talið er. Hún er gerð úr rauðu graníti og er gróf viðkomu. Sagan segir að líkinu, ásamt þeim veraldlegu munum sem það var grafið með, hafi verið stolið af ræningjum sem lögðu leið sína í grafhýsið.



mynd 8

Fólk hvaðanæva að úr heiminum sækir þetta rými heim til þess að komast í nán kynni við aðstæðurnar sem þarna ríkja og hugleiða eins lengi og tíminn býður upp á. Þegar þú stígur inn fyrir skiptir ekki máli hvaða stétt þú tilheyrir. Allir deila sömu aðdáuninni og geta fundið sér sálarfrið í þessu naumhyggna rými sem staðið hefur í nokkur árþúsund. Ræningjar geta rænt munum úr pýramíðum en andrúmsloft þeirra helst ósnortið. Í pýramíðanum ríkir algjör þögn og friðsæld, þar er eilífðin.

Eitt athyglisverða rými pýramídans er að finna 30 metrum fyrir neðan yfirborð jarðar. Þetta er staður sem er lokaður almenningi í dag en því hefur verið haldið fram að þarna hafi upphaflegur legustaður Keops átt að vera en eftir frekari vangaveltur hafi hann hætt við og viljað vera ofar í pýramíðanum. Samskonar aðstæður er að finna í Kefren og

efast því undirritaður stórlega um þessa kenningu. Á þessum súrefnislitla stað stendur þú undir u.þ.b. 6.5 milljónum tonna. Gríðarleg þyngslin þykja aðþrengjandi en þetta ókláraða rými segir okkur meira heldur en hin kláruðu. Við fáum eins konar þverskurð af smíðum þess. Er eldur lýsti þetta upp er rétt hægt að ímynda sér hvernig það hefur verið að eyða löngum tíma þarna niðri. Þetta er ekki ósvipað og að vera staddur inn í námugreftri nema hér er allt leyndarmál. Að ganga í gegnum öll þessi rými er í raun kvikmyndaleg upplifun og hefur því ríkulegt afþreyingargildi. Söguhetjan ert þú og pýramíðinn er ævintýrið þitt. Ellin sækir á með árunum en innst inni erum við ennþá börn.



mynd 9

Þegar á heildina er litið veldur pýramíðinn, frá að við sjáum hann í augnsýn, sterkum hughrifum sem stigmagnast jafnt og þétt eftir því sem skoðun er meiri. Hann er ævaform bygging sem við skiljum ekki hvernig var búin til og vitum ekki í hvaða tilgangi. Hún er varðveitt af Egyptum en er eign alls heimsins. Við getum einungis getið okkur til um svör við þeim þúsundum spurninga sem liggja fyrir. Allar byggingar segja þó sögu og þótt þær hafi ekki hátt um sig liggja leyndarmálin einhvers staðar grafin. Talið er að mikið sé um óuppötvað rými í pýramíðanum sem enn á eftir að varpa ljósi á og gætu í kjölfarið svipt hulunni af þessum leyndardóm. Við getum því aðeins beðið og vonast eftir því að einn daginn fáum við að vita meira um arkitektinn og tilætlanir hans.³⁰

³⁰ Viðtal höfundar við Örn Jóhannsson, 5. janúar 2008.

Inn í þig

„Þú öðlast styrk, hugrekki og sjálfstraust með öllum upplifunum þar sem þú virkilega stöðvar og horfist í augu við óttann. Þú verður að gera það sem þú telur þig ekki geta.“ – Eleanor Roosevelt³¹

Innsæi er hugtak sem allir hafa heyrt nefnt en fáir þó almennilega skilið. Við vitum að það er til staðar, en hvernig það er notað er athugun út af fyrir sig. Það er ekki beinlínis hlutur sem við stjórnnum. Öllu heldur leiðir það okkur áfram, vinnur úr upplýsingum sem okkur berast og varpar ljósi á sannleik sem við vissum ekki áður. Það er gríðarlegt magn upplýsinga sem flæðir í gegnum innsæi okkar og það er svo sannarlega gjöf af Guðs náð. Orðið innsæi er upphaflega komið af latneska orðinu *acies*³² en það merkir bókstaflega „inn í þig“. Guðfræðingurinn Florence Scovel sagði eitt sinn eftirfarandi: „Innsæi er hinn andlegi hæfileiki sem útskýrir ekki, heldur virðist vísa veginn“. Ein besta leiðin til þess að setja sig í tengsl við innsæið er að viðurkenna tilvist þess og einbeita sér að því að hlusta á innri rödd sína.³³ Líkömum okkar er lífeðlisfræðilega ókleift að gera greinarmun á því þegar við finnum annars vegar fyrir spennu og hins vegar hræðslu. Því er hægt að umbreyta ótta í spennu og nota innsæið til þess að uppgötva eitthvað nýtt um tilvist okkar. Dulspekingar hafa alltaf haldið því fram að svörin liggi innra með okkur. Manninum er hins vegar kennt frá bernsku að fara eftir hyggjuviti og því sem yfirvaldið í hvers kyns formi segir honum að gera. Þegar við vorum krakkar máttum við ekki láta hugann reika og dagdreyma í kennslustofunni; ef við höfðum ekki hugann við efnið, sem við vorum mötuð á, vorum við skömmuð. Okkur var meinað að þróa ímyndunaraflið og þar af leiðandi sköpunargáfunna. Með tímanum lærðum við að bæla niður frjálsar hugsanir okkar. Þeir sem hafa þrautseigjuna og hugrekkið til að spyrna gegn þeirri staðalímynd, sem hinum venjulega borgara er gert að uppfylla, eru þeir sem kallast oft á tíðum listamenn eða hugsuðir samfélagsins sem við búum í. Oft er sagt að betra sé að vera umdeildur heldur en sniðgenginn, ennfremur að betra sé að fá neikvæða umfjöllun heldur en enga

³¹ The Examiner – Eastern Jackson County’s Daily News Source, http://www.examiner.net/stories/012408/sch_239832925.shtml 30. janúar 2008. Þýðing höfundar.

³² University of Notre Dame, <http://www.archives.nd.edu/cgi-bin/lookdown.pl?insight> 4. febrúar 2008.

³³ Business know how: Small business ideas, Advice and Resources, <http://www.businessknowhow.com/manage/intuition.htm> 22. janúar 2008.

umfjöllun. Hver og einn þarf að gera upp við sig hvort vilji sé fyrir hendi til þess að líta í eigin barm, að draga fram hina einstöku sköpunargáfu sem býr í okkur öllum og kyngja óttanum við álit annarra. Vissulega er nauðsynlegt að gæta jafnvægis í þessu því arkitektúr er að miklu leyti þjónustustarf og að sjálfsögðu þarf að uppfylla væntingar viðskiptavinarins. En á sama tíma ætti hver og einn að setja sér mörk sem þjóna innsæinu, svo hugsjónir hönnuðarins nái jafnvægi við þarfir kaupandans svo bæði fái notið sín. Undirritaður þekkir til starfsmanna á arkitektastofu í Reykjavíkurnágrenni þar sem menn hafa fórnað sköpunargleðinni fyrir ódýrar lausnir. Starfsmenn hennar hanna að eigin sögn ljótar byggingar sem þeir eru ósáttir við en í samtali við einn þeirra vildi hann ekki koma fram undir nafni til þess að gæta hagsmuna stofunnar. Í mörgum tilfellum fer verktakinn fram á ódýrari leiðir og bitnar það á hönnuninni. Stofan hefur í ríkum mæli tekið að sér atvinnuhúsnæði þar sem kaupandanum hefur oftast en ekki verið sama um útlitið, svo lengi sem plássið sem þarf sé til staðar.³⁴ Það getur vissulega verið erfitt að halda stofu gangandi og að hafna viðskiptavinum kann að reynast einhverjum erfiður ljár í þúfu en þegar fólki er bókstaflega sama um hvernig bygging muni líta út þá ætti það að setja af stað viðvörunarbjöllur. Ef vinnan er ekki metin og drifkrafturinn enginn þarf að endurskoða leikvöllinn og mörkin sem hafa verið sett, ef þau eru þá einhver til að byrja með. Væri ekki betra þegar uppi er staðið að vera vandlátur og sinna heldur fáum verkefnum sem hægt væri að reisa með stolti? Þá mætti nýta þau sem stökkpall yfir í stærri verkefni líkt og í öllum starfsgreinum. Áhrifaríkur arkitektúr getur vakið innsæi fólks af djúpum svefni og komið okkur í samband við nýjan sannleik. Það er afar mikilvægt að við ákvörðum siðgæðisreglur sem þjóna bæði okkur og þeim sem í þessari veröld búa því slæmur arkitektúr fyrnist ekki. Þær þurfa ekki að vera eins fyrir hvern og einn, en það er ómögulegt að sniðganga þær ef við viljum að umhverfið okkar sé fallett. Sá sem fer frjáls sínar leiðir í listum og notar eigið innsæi sem leiðarljós á velmegun vísa.

³⁴ Viðtal höfundar við ónafngreindan heimildamann, 5. febrúar 2008.

Lokaorð

„Ef þú vilt vita endinn, skoðaðu þá byrjunina“ – Afrískur málsháttur³⁵

Í rýminu *mínu* dagdreymir mig stöðugt. Mér líður vel þar sem ég á mitt eigið athvarf og get verið einn með hugsunum mínum. Stundum leggst ég niður og stari upp í loft herbergisins míns. Hugsanir fæðast sem valda því að ég spyr sjálfan mig hinnar klassísku spurningar: „hver er ég?“. Á svipstundu verður allt í kringum mig framandi. Allar mínar eigur, hvaðan komu þær? Hvað er að lifa? Af hverju er ég, ég? Hvað liggur handan við mörk alheimsins? Af hverju er þetta *svona*? Hver spurning getur af sér aðra þar til þær flæða eins og vatn. Eitt andartak kemur yfir mig tilfinning þar mér finnst ég ná sambandi við innri rödd, eitthvað úr annarri vídd. Ég verð barn á ný; í raun verður tímalína allrar ævi minnar að einum punkti. Ég kann ekki að nefna þessa tilfinningu en mér finnst eins og ég sé að fá einhvers konar nasasjón af eilífðinni. Þetta hefur þó aldrei varað lengur en í tvær sekúndur. Ég spyr sjálfan mig hvernig ég kem mér í þetta hugarástand en ég get það ekki af sjálfsdáðum. Með öðrum orðum er ég ekki fyllilega við stjórnvöllinn en ég veit að við ákveðnar aðstæður er ég líklegri til þess að verða fyrir svona reynslum. Ég þarf að æfa mig á tengipunktinum og treysta innsæinu til þess að leiða mig áfram að frekari tengslum við nýjan sannleika. Allar byggingar eiga að búa yfir þeim eiginleika að geta kallað á okkur þegar við lítum til þeirra. Þær eiga að tæla okkur í átt til sín og vekja áhuga með dáleiðandi arkitektúr, óháð lífsstíl okkar. Með því að skapa andrúmsloft sem virkjar skynfæri okkar, huga okkar og þar af leiðandi líkama okkar, er hægt að gera kvikmyndalega upplifun sem ristir minninguna djúpt í huga okkar. Andrúmsloftið sem umlykur bygginguna eru allir þeir þættir sem stuðla að hughrifum. Annars vegar hið ósnertanlega, t.d. lyktin, hljóðið, lýsingin, dagsbirtan, hæðirnar, lengdirnar, þyngdin, plássið, vindurinn og hitastigið en hins vegar hið snertanlega, t.d. formin, lögunin og efniskennin svo eitthvað sé nefnt. Sé vel staðið að þessum þáttum getur arkitekt átt allan hug þess sem notar verk hans. Með tímanum viðurkennum við þær andlegu þarfir sem verða að uppfyllast til þess að við fáum komist á næsta stig tilverunnar, til að læra betur á okkur sjálf og á þá möguleika sem í okkur búa. Skrefið verður aldrei stigið til fulls, en ferðalagið er það sem veitir okkur hamingju, ekki endastöðin.

³⁵ ThinkExist Quotations, <http://thinkexist.com/quotes/with/keyword/end/4.html> 28. janúar 2008. Þýðing höfundar.

Heimildaskrá

~ *Bækur* ~

- Ashraf, Kazi Khaleed: „Taking Place – Landscape in the Architecture of Louis Kahn.“ *Journal of Architectural Education*. No. 2, vol. 61., 2007.
- Árni Böðvarsson: *Íslensk orðabók*. Mál og Menning, 2000.
- Bachelard, Gaston: *The Poetics of Space*. Maria Jolas þýddi. Beacon Press, 1994.
- Barbara, Anna og Perliss, Anthony: *Invisible Architecture – Experiencing places through the sense of smell*. Skira. 2006.
- Gallagher, Shaun: „Lived Body and Environment“. *Research in Phenomenology*. No. 1, vol. 16., 1986.
- Pallasmaa, Juhani: „Hapticity and Time – discussion of haptic, sensuous architecture“. *The Architectural Review*. No. 1239, vol. 207., 2000.
- Rasmussen, Steen Eiler. *Experiencing Architecture*. The MIT Press. 2001.
- Watsuji, Tetsuro: *Climate: A Philosophical Study*. Geoffrey Brownas þýddi. New York: Greenwood Press, 1988.
- Zumthor, Peter: *Thinking Architecture*. Birkhäuser – Publishers for Architecture, 2006.

~ *Viðtöl* ~

- Viðtal höfundar við Örn Jóhannsson, 2. janúar 2008.
- Viðtal höfundar við Örn Jóhannsson, 5. janúar 2008.
- Viðtal höfundar við ónafngreindan heimildamann, 5. febrúar 2008.

~ *Kvikmyndir* ~

- Forsberg, Rolf. *The Seven wonders of the ancient world*. Questar. 2000.
- Mann, Christopher. *Great Pyramid: Gateway to the stars*. BBC. 1995.

~ *Vefsíður* ~

- What the Bleep Do We Know?! Official UK site,
<http://www.thebleep.co.uk/quotes.php> 28. janúar 2008. Þýðing höfundar.
- All-Wright Site – Frank Lloyd Wright Quotations,
<http://www.geocities.com/SoHo/1469/flwquote.html> 4. febrúar 2008. Þýðing höfundar.
- Newswire / Press release – news and press release distribution network,
<http://www.newswiretoday.com/news/3675/> 2. febrúar 2008. Þýðing höfundar.
- The Axelrod Group homepage, <http://www.zilltech.com/FAQQuotesLearn.html>
5. febrúar 2008. Þýðing höfundar.
- Inti's realm, <http://www.irealm.org/quotes/dispquote.php?page=k> 25. janúar
2008. Þýðing höfundar.
- Epic of Evolution, <http://www.epicofevolution.com/quotes.html> 30. janúar 2008.
Þýðing höfundar.
- ThinkExist Quotations, <http://thinkexist.com/quotes/with/keyword/pyramid/> 25.
janúar 2008. Þýðing höfundar.
- Britannica Online Encyclopedia – Pyramids of Giza,
<http://search.eb.com/eb/article-9036944> 6. janúar 2008.
- Tour Egypt : Secret Chambers of the Great Pyramid of Khufu in Egypt,
<http://www.touregypt.net/featurestories/pyramidchambers.htm> 6. janúar 2008.
- The Examiner – Eastern Jackson County's Daily News Source,
http://www.examiner.net/stories/012408/sch_239832925.shtml 30. janúar 2008.
Þýðing höfundar.
- University of Notre Dame, [http://www.archives.nd.edu/cgi-
bin/lookdown.pl?insight](http://www.archives.nd.edu/cgi-bin/lookdown.pl?insight) 4. febrúar 2008.
- Business know how: Small business ideas, Advice and Resources,
<http://www.businessknowhow.com/manage/intuition.htm> 22. janúar 2008.
- ThinkExist Quotations, <http://thinkexist.com/quotes/with/keyword/end/4.html> 28.
janúar 2008. Þýðing höfundar.
- Temple of Peace, <http://www.templeofpeace.net/Pyramid.php> 10. janúar 2008.

Myndaskrá

1. Verk eftir Óskar Örn Arnarson, 2008.
2. [Höfundur ókunnur]: Ljósmynd af Kefren. Fengið af vefsíðunni:
<http://www.bibleplaces.com> 14. janúar. 2008.
3. [Höfundur ókunnur]: Ljósmynd af Keops. Fengið af vefsíðunni:
<http://www.planetware.com> 14. janúar 2008.
- 4-9. Aaron Strong: Ljósmyndir af innri hlið Keops. Fengið af vefsíðunni:
<http://www.pbs.org> 3. febrúar 2008.